



Formannafundur Zontasambands Íslands

haldinn í Zontahúsi, Aðalstræti 54 Akureyri, laugardaginn 19. janúar 2019 kl. 10-16.

Mættar voru: Þóra Ákadóttir svæðisstjóri, Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Auðunsdóttir formaður Zontaklúbbsins Þórunnar hynnu, Sesselja Sigurðardóttir varaformaður Zontaklúbbsins Þórunnar hynnu, Þuríður Ragna Stefánsdóttir formaður Zontaklúbbs Reykjavíkur, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir formaður Zontaklúbbs Akureyrar, Margrét Magnúsdóttir formaður Zontaklúbbsins Emblu, Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir formaður Zontaklúbbsins Uglur og Stella Kristín Víðisdóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnur. Forföll boðaði Inga Margrét Árnadóttir ritari.

Þóra Ákadóttir svæðisstjóri sem stýrði fundi bauð konur velkomnar og fagnaði komu þeirra norður á fund. En fyrsti fundur nýrrar stjórnar var fjarfundur sem haldinn var 24. október s.l. en sá fundur gekk vel. Fyrst á dagskrá var að formenn sögðu frá hauststarfi klúbbanna, heimaverkefnum og helstu fjáröflunarleiðum. Margir klúbbanna höfðu verið með sölu á heimagerðum varningi á jólamörkuðum fyrir jólin svo sem smákökum, laufabrauði, jólaföndri og hreindýrapate.

Afmæli zontaklúbba. Þann 7. nóvember s.l. héldu Emblur upp á 30 ára afmæli sitt á veglegan hátt og í afmælið mætti Dorte Olesen Governor 13. umdæmis. Fram kom að Zontaklúbburinn Þórunn hynna verður 35 ára á árinu og Zontaklúbbur Akureyrar 70 ára. Þegar eru starfandi afmælisnefndir hjá þessum klúbbum og eitthvað verður gert til að minnast þessara afmæla.

Gagnabanki: Ingibjörg ZÞh spurði hvort til væri gagnabanki Zonta sem hægt væri að sækja upplýsingar og gögn í. Þóra svaraði að á vef Zonta International væri mikill gagnabanki með viðamiklum gögnum sem hún hvetur formenn að skoða.

Svæðisstjórar: Þar sem núverandi svæðisstjóri kom fyrr inn sem svæðisstjóri breyttist röð svæðisstjóra, en rétt röð hefur verið sett inn á Zonta almanakið. Næsti svæðisstjóri verður frá Zontaklúbbnum Sunnu og hafa klúbbkonur tilnefnt Sigríði Björnsdóttur og verður kosið á landsfundi. Þar verður líka næsti varasvæðisstjóri kosinn og kemur hann frá Zkl Þórunni hynnu.

Kynning á Zonta. Nokkur umræða skapaðist um kynningu á zontastarfi og hvernig best væri að afla nýrra félaga. Zontaklúbburinn Uglur ætlar að hafa opinn fund í mars og auglýsa hann á samfélagsmiðlum. Tilgangurinn er að vekja athygli á Zonta og reyna með því að fá inn nýja félaga.

Árlega hefur Zontaklúbbur Akureyrar haldið kynningarfundum til að afla nýrra félaga. Sá háttur er hafður á að allt að 10 konum er boðið í Zontahús klúbbsins og starfið kynnt. Þessi aðferð hefur gefist vel og alltaf ganga einhverjar konur í klúbbinn. Þóra hvetur formenn að nýta þessa aðferð og segir að miðlægt kynningarefni verði vonandi til á árinu.

Advocacy nefnd ZI: Ingibjörg Elíasdóttir fyrrum umdæmisstjóri og núverandi formaður Advocacy nefndar ZI kom á fundinn og útskýrði og fór yfir tilgang og verkefni þessarar nefndar sem er „að leggja til aðgerðir í samræmi við markmið ZI til að bæta stöðu kvenna og hvetja til árvekni varðandi löggjöf, málsvörn kvenna og jafnrétti“. Hún fór einnig yfir samband og samstarf ZI við Sameinuðu þjóðirnar. Hvatti klúbba til að setja inn myndir og frásagnir af viðburðum á vef Zonta International undir flípanum „Share your story“. Einnig að skoða og nota efni sem er Nr. 5 í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um Jafnrétti kynjanna þar er bæði efni og verkfæri sem klúbbarnir geta notað.

Í **matarhléi** var borin fram súpa og brauð sem konur í Zontaklúbbi Akureyrar höfðu séð um.

Zonta almanakið. Þóra fór síðan yfir Zonta almanakið og minnti á að greiða þyrfti til ZI fyrir málok og árið 2019 hækkaði gjaldið í 88 dollara á hvern félag. Landsfundur verður haldinn á Akureyri 5. – 6. apríl n.k.

Heimsþing í Japan 29. júní – 3. júlí 2018. Þóra sýndi myndir og sagði frá ferð sinni á Heimsþingið í Japan, þar voru saman komnar um 2630 zontur frá 55 löndum og 1159 klúbbum. Þetta var áhrifamikil ferð að hitta allar þessar zontakonur og taka þátt í þingstörfum.

100 ára afmæli ZI: Rætt var um afmælisárið þ.e. 100 ára afmæli ZI og hvernig ætti að halda upp á það. Margar hugmyndir komu fram t.d. um sameiginlegan viðburð klúbbanna í Reykjavík t.d. tengdan kyndlagöngu. Hafa þar ræðuhöld og reyna að fá báða heiðursfélaga í Zonta International á Íslandi, þær Vigdís Finnbogadóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir, til að taka þátt í afmælisviðburði, og einnig rætt um mögulegt styrktaverefni – húsnæðissjóð fyrir konur og börn sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu og eru húsnæðislausar eftir að dvöl þeirra í Kvennaathvarfinu lýkur.

Niðurstaðan var að skipa afmælisnefnd til að vinna að málinu. Ingibjörg Auðunsdóttir tók að sér að vera formaður og klúbbarnir tilnefna svo einn nefndarmann hver í nefndina. Nefndin mun kynna niðurstöður sínar á landsfundi á vordögum.

8. mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna og undanfarin ár hafa klúbbarnir á Akureyri haldið hádegisfund og eru klúbbarnir á fullu að undirbúa daginn. Ætlunin er að fundurinn verði veglegri í ár til að minnast 100 ára afmælis Zonta. Fundurinn verður haldinn í Brekkuskóla og fyrirhugað að fá m.a. fyrirlesara úr Reykjavík.

Aldursdreifing innan Zontaklúbba: Guðríður Gyða frá Zontaklúbbi Akureyrar, sem er í valnefnd 13. umdæmis sem og í valnefnd ZA, kom á fundinn og sýndi aldursdreifingu Zontakvenna á Íslandi, annarsvegar frá árinu 2008 og svo fyrir árið 2018. Niðurstaða þessarar greiningar sýndi fram á að of lítil aldursdreifing væri í klúbbunum og lagði hún mikla áherslu á að reynt væri að yngja upp í klúbbunum og passa upp á aldursdreifinguna. Hún talaði um valnefndir klúbbanna sem hún sagði að væru mjög mikilvægar.

Stefna og markmið Zonta. Formenn fengu það verkefni fyrir fundinn að lesa yfir stefnu og markmið á vef okkar. Signý Óskarsdóttir vefstjóri vann þetta upp og færum við henni bestu þakki fyrir vinnu

sína. Samkvæmt samtali við Signýju þá hafa ekki farið fram neinar umræður um þetta verkefni, því var spurning svæðisstjóra hvort við ættum ekki að skoða textann og breyta og bæta ef þarf og vera í sambandi fyrir landsfundinn þar sem hægt yrði að gefa tíma fyrir umræður og samþykka hann.

Önnur mál: 1. Sigríður spurði formenn um hvernig inntöku nýrra félaga væri háttað, hvort allir klúbbar hefðu sama texta til að styðjast við, við inntöku nýrra félaga? Umræður leiddu í ljós að svo er ekki, inntaka félaga er mismunandi milli klúbba. Þóra tók til máls og sagði það mikilvægt að inntaka nýrra félaga væri hátíðleg og það sem nýr félagi man eftir. Hugmynd kom upp að efni væri sameiginlegt, miðlægt þannig að inntaka væri í föstum skorðum eins/svipuð hjá öllum klúbbum á Íslandi.

2. Zontasambandi Íslands hafði borist bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands vegna frumvarps til laga um þungunarrof. Bréfið var sent til kvennasamtaka og þau beðin að skrifa undir umsögn þeirra hjá Kvenréttindafélaginu og þannig sýna samstöðu um ný lög um þungunarrof. Tekin var ákvörðun á fundinum að hver klúbbur tæki sína ákvörðun í málinu.

3. Lög Zontasambands Íslands. Það hefur staðið til að endurskoða lögin sem eru frá árinu 2007. Til upplýsingar þá hefur Þóra falið Dögg Pálsdóttur Emblum, að endurskoða lögin og velja með sér zontasystur í verkefnið. Stefnt er að taka fyrir ný lög á landsfundi ræða þau og vonandi samþykka.

Að lokum hvatti Þóra formenn til að hvetja sínar konur til að koma á Landsfund og fara á umdæmisþingið í Kaupmannahöfn í haust 12. – 15. september, þakkaði konum fyrir komuna og sleit fundi kl. 16.00

Fundargerð rituðu Sigríður Jónsd. og Þóra Ákadóttir.